

Nd.

173. Breytingartillögur

við frv. til laga nm eyðing refa og refarækt.

Frá Halldóri Stefánssyni.

- I. 1. gr. orðist svo:
Sveitarstjórnir hafa framkvæmd á refaveiðum, hver i sinnm hreppi, undir nmsjón og eftirliti sýslnefnda, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.
- II. 2. gr. orðist svo:
Á vori hverju skipar sveitarstjórn til nm grenjaleitir og grenjavinnslu i umdæmi sinn. Nú eiga tveir hreppar eða fleiri óskipt afréttarland, og skulu þeir þá koma sér saman nm skipti á því til grenjaleita og refaveiða. Geti þeir ekki komið sér saman um skiptin, sker sýslunefnd úr.
- III. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. Sveitarstjórnir ráða nægilega marga skotmenn til grenjavinnslu vor hvert. Skyldir eru búendur að leggja til eftir tilskipan sveitarstjórna menn i grenjaleitir og vöknmenn á gren. Sveitarstjórnir ákveða kaup vöku-manna.
 - b. Nú finnst gren, og tilráðinn skotmaður getur ekki sinnt því vegna þess að hann er bundinn við annað gren, eða af öðrum ástæðum. Ræður sveitarstjórn þá annan skotmann á það gren.
Óheimilt er öðrum en þeim, er til þess eru ráðnir af sveitarstjórn, að vinna refi og yrðlinga á greinum á grenjavinnslutímum, nema skot-maður sé frá genginn. Er veiði þá eign þess, er fær.
 - c. Sveitarstjórn ákveður og auglýsir innan hrepps, hver tími telst grenja-vinnslutími á hvert. Utan þess tíma, og ntan grenja og refabúa, eru refir og yrðlingar ófriðhelgir.
- IV. 3. gr. orðist svo:
Pegar gren finnst, hvort heldur er i grenjaleitum eða ekki, skal skot-manni eða sveitarstjórn gert aðvart svo fljótt, sem kostur er á. Eftir það segir sveitarstjórn eða skotmaður fyrir nm meðferð grenis.
- V. 4. gr. orðist svo:
Yrðlingar, sem teknir eru á greni eða ntan grenis nm grenjavinnslu-tímum, eru eign sveitarfélags.
- VI. Við 5. gr.
 - a. Orðin „sbr. þó 5. gr.“ falli niður.
 - b. Aftan við greinina bætist: Fáist ekki hæfir skotmenn með þessum skil-yrdum, getur hreppsnefnd vikið frá þessu, svo sem þarf til þess að hæfir skotmenn fáist.
- VII. 6. gr. orðist svo:
Skyldir eru búendur að gera grenjaleitir i heimalöndum endurgjaldslandst eftir fyrirmælum sveitarstjórna. Að öðru leyti greiðist kostnaður við eyðing refa úr sveitarjóði.

VIII. 7. gr. orðist svo:

Nú vinnast refsir á öðrum tíma en hinum ákveðna grenjavinnslutíma, og er þá heimilt að greiða skotmanni verðlaun, kr. 10.00 fyrir hvert dýr. — Verðlaunin greiðast eftir ákvörðun sveitarstjórna úr sveitarsjóði.

IX. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Engn má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanna né hafa þar óþarfan umgang eða hark.
- b. Sveitarstjóra heldur akra yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörðnr og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunin eru.

X. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um refaveiðar og refarsækt.

XI. Fyrirsögn fyrri kafla verði:

Um refaveiðar.